

LÆSISSTEFNA REYKHÓLASKÓLA

Stefna og áherslur í læsisstefnu Reykhólaskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta (2011:31-32) er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku þeirra í atvinnulífinu og frekara nám.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar. Samkvæmt Aðalnámskrá (2011:18-19) er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Reykhólaskóli leggur áherslu á að rækta læsi í víðum skilningi. Þá er átt við að nemendur geti notið lestrar bæði sér til gagns og gamans. Geti nýtt sér margskonar miðla í þekkingarleit og úrvinnslu. Lesið úr ýmiskonar myndritum og tjáð sig í ræðu eða riti á fjölbreytan hátt.

Í leikskóla er strax byrjað að vinna með nemendur, þar sem lögð er áhersla á málþroska og málvitund.

Nemendur í byrjun grunnskólanáms fá fjölbreyta þjálfun í lestri og ritun. Fylgst er náið með framvindu nemenda í lestri og gripið strax inn í ferlið ef grunur leikur á að um lestarerfileika sé að ræða. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem á þarf að halda.

Einnig er lögð mikil áhersla á samvinnu um lestur við heimili nemenda þar sem lestrarþjálfun fer fram í formi daglegs heimalestrar hjá nemendum í 1.-7. bekk. Þá er lögð áhersla á yndislestur í öllum bekkjum skólans og kennarar hvattir til að lesa fyrir nemendur.

Lögð er áhersla á alla færniþætti læsis þ.e. færni í talmáli, lestri og ritun. Lögð er áhersla á að nemendur skólans:

- tileinki sér öflugan orðaforða og góðan skilning á orðum og hugtökum sem stuðlar jafnhliða að góðum talmáls- og lesskilningi,
- nái góðum tókum á umskráningarfærni hvað varðar hraða, sjálfvirkni og lestrarlag,
- öðlist færni í að tjá sig skýrt og greinilega á fjölbreyttan hátt bæði í talmáli og ritmáli.

Öllum kennurum og starfsmönnum skólans er ætlað að stuðla að öflugu læsi nemenda með kennsluháttum sínum í tengslum við allar námsgreinar. Þeir skulu kynna fyrir nemendum leyndardóma tungumálsins m.a. með því að ræða um innihald texta, merkingu einstakra orða og orðasambanda.

Markviss kennsla í læsi hefst í fyrstu bekkjum þar sem lögð er áhersla á grunnfærni nemenda en hún heldur áfram alla skólagönguna í tengslum við allt skólastarf og allar námsgreinar.

Kennarar og starfsmenn Reykhólaskóla unnu að læsisstefnu fyrir Reykhólaskóla skólaárið 2015 – 2016. Meginmarkmið stefnunar er að nemendur nái þeirri hæfni að lesa sér til gangs og ánægju.

Hlutverk heimila og foreldra

Til að góður árangur náist verður kennsla og þjálfun í læsi að vera samvinnuverkefni heimila og skóla. Á heimilum barna er lagður grunnur að læsi þeirra í framtíðinni og sá áhugi á umræðum og lestri sem þau kynnast þar er mikilvægur fyrir lestraráhuga þeirra og allt nám. Hlutverk foreldra er mikilvægt í lestrarnáminu. Segja má að í skólanum séu lestraraðferðir lagðar inn og kenndar en þjálfunin fari fram á heimilum. Þjálfun á heimilum skiptir sköpum um að barn nái góðum tókum á lestri. Í byrjun lestrarnámsins þarf að gera ráð að lágmarki 15 - 20 mín. lestrarstund heima á hverjum degi. Leggja verður áherslu á að lestrarstundin sé notaleg og ánægjuleg samlestrar- og samræðustund barns og

foreldris. Mikilvægt er að haldið sé áfram að lesa saman og ræða lesefni heima þó að barnið hafi náð tökum á lestrarfærninni. Þannig geta heimilin stutt við að barnið þroski stöðugt með sér bættu færni í læsi, bæði hvað varðar mál og lestur.

Læsisstefna Reykhólaskóla

Árgangur	Hæfnimarkmið	Lestur í skóla	Lestur heima	Lestarhraði í lok skólaárs
Leikskólinn	<ul style="list-style-type: none"> Börnin njóti þess að hlusta á sögur. Börn kynnist bókmenntum á jákvæðan hátt og skoði bækur sem hæfa þroska og aldri. 	20 mínútur á daglega. Börnunum er velkomið að koma með lesefni að heiman í leikskólann.	Foreldrar lesi reglulega fjölbreytt lesefni fyrir börnin sín. Foreldrar tvítyngdra barna eru hvattir til að halda móðurmáli þeirra að þeim.	Börnin hafi unnið með stafina á fjölbreyttan hátt, þekki heiti á þeim og hljóðin. Börnin séu búin að ná tökum á forlæsi. Áhersla á málþroska og málvitund.
1. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa og sé jákvæður fyrir lestri. Sýni áhuga á að lesa sér til yndis. 	Unnið með mismunandi lestrarverkefni daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega. Nemendur hlusta reglulega á lesin texta.	20 – 50 atkvæði á mínútu. Eink. 1,5-3,0
2. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Sé jákvæður fyrir lestri og geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Geti lesið einföld fyrirmæli sér til gagns. 	Unnið með mismunandi lestrarverkefni daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega. Nemendur hlusta reglulega á lesin texta.	50 – 100 atkvæði á mínútu. Eink. 3,0 – 4,7

3. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Geti valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. • Geti lesið ævintýri, sögur og ljóð. • Geti lesið einföld fyrirmæli sér til gagns. 	Unnið með mismunandi lestrarverkefni daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega. Nemendur hlusta reglulega á lesin texta.	100 – 140 atkvæði á mínútu. Eink. 4,7-6,0
4. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum. • Geti valið sér lesefni eftir áhuga og þörf. • Geti valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. 	Unnið með mismunandi lestrarverkefni daglega..	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega. Nemendur hlusta reglulega á lesin texta.	140 – 170 atkvæði á mínútu. Eink. 6,0-7,0
5. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Lesið gamlan og nýjan texta með alls kyns orðaforða þar á meðal fræðitexta, þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum. • Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. • Geti valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. 	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega.	170 – 230 atkvæði á mínútu. Eink. 7 →
6. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða. 	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 15 mínútur í heimalestri daglega.	230 – 280 atkvæði á mínútu. Eink. 8 →

	<ul style="list-style-type: none"> greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning. aflað upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna. valið sér lesefni til gagns og ánægju. 			
7. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. aflað upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna. G greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning. greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. 	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 20 mínútur í heimalestri daglega.	280 + atkvæði á mínútu. Eink. 8 →
8. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað 	40 - 80 mínútur í mismunandi	Nemendur lesa að lágmarki 30 mínútur.	280 + atkvæði á mínútu.

	<ul style="list-style-type: none"> • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis. • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. 	verkefnum að lágmarki daglega.		Eink. 8 →
9. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta. • skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga. • unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. 	40 - 80 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 30 mínútur.	280 + atkvæði á mínútu. Eink. 8 →

10. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta • beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð, • valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. 	40 - 80 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki daglega.	Nemendur lesa að lágmarki 30 mínútur.	280 + atkvæði á mínútu. Eink. 8 →
-------------------	---	---	---------------------------------------	--

Meginmarkmið Reykhólaskóla með læsisstefnu

Leikskóli:

- Leitast við að efla málþroska allra leikskólabarna í gegnum lestur, söng, þulur, rímur o.s.frv., einnig regluleiki og hlutverkaleiki.
- Fimm ára börn fara í skólahóp fjóra daga vikunar í kennslu með 1. bekk. Tilgangurinn er að skapa samfellu á milli skólastiga og auka viðingu fyrir leikskólanum sem skólastigi.

- Reglubundnar skimanir.

Grunnskóli:

- Að bæta aðgengi nemenda að lesefni.
- Að efla áhuga nemenda á lestri.
- Að auka lestrarafköst nemenda og lesskilning þeirra.

Leiðir að markmiðum.

- Kynna nemendum Bókasafn Reykhólahrepps og hvetja þau til að taka bækur.
- Bæta aðgengi að lesefni og auka tíma til lestrar.
- Kaupa nýjar áhugasverðar bækur og tímarit á skólabókasafnið.
- Notfæra sér bókasafnið til að leyfa nemendum að lesa. Útbúa lestarhorn þar sem nemendur geta komið sér notalega fyrir.
- **Lestarahvatning:** bækur eftir áhugasviði, rafbækur í spjaldtölvum og snjalltækjum, netmiðlar, bókabingó. Koma afrakstrinum í form, listaverk á vegg t.d. fiðrildi sem fjölgar eftir afköstum.
- **Allir lesa – lesstund daglega í 15 mínútur**, þar sem nemendur og kennarar lesa sér til ánægju.
- Grunnskólanemendur fara 1x í viku í þörum og lesa fyrir leikskólabörnin.
- Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni.
- Nemendur semja sögur og/eða ljóð, lesa upp fyrir alla.
- Skimanir í leik- og grunnskóladeild og góð eftirfylgni.
- Virkja heimili/foreldra til lestarátaks.
- Nota fjölbreyttar aðferðir við lestur. Efni s.s. skiptilestur, paralestur, Pals, gagnvirkur lestur, yndis lestur.
- Kynntar verða verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda.
- Endurskoða læsisstefnuna reglulega.

Læsisstefnan er lifandi plagg og er sífellt í endurskoðun.

Lesfimiðmið Menntamálastofnunar

Stefna Reykhólaskóla er að taka upp Lesfimiðmið Menntamálastofnunar sem eru í þróun og verða fullbúin í árslok 2018.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf